

DÝRALÆKNATAL

BÚFJÁRSJÚKDÓMAR OG SAGA

Ritstjóri:
Brynjólfur Sandholt

Ritnefnd:
Brynjólfur Sandholt, Gísli Jónsson,
Helgi Sigurðsson

ði

Dýralæknafélag Íslands

Páll Agnar Pálsson, f. 9. maí 1919 á Kletti, Reykholtisdalshr., Borg., d. 10. júlí 2003.

Faðir: **Páll Zóphóníasson**, f. 18. nóv. 1886, landbúnaðarkandídat í Kaupmannahöfn 1904, búnaðarmálastjóri, alþingismaður, d. 1. des. 1964. For.: Zóphónías Halldórs-son, f. 11. júní 1845, prestur, prófastur í Viðvík, Skag., d. 3. jan. 1908, og k.h. Jóhanna Soffía Jónsdóttir, 1. apríl 1855, húsmóðir í Goðdölum, Viðvíkurhr., Skag., d. 2. jan. 1931.

Móðir: **Guðrún Puríður Hannesdóttir**, f. 11. maí 1881, húsmóðir, d. 11. nóv. 1963. For.: Hannes Magnússon, f. 17. nóv. 1839, bóndi og hreppstjóri í Deildartungu, Reykholtisdalshr., Borg., d. 28. sept. 1903, og k.h. Vigdís Jónsdóttir, f. 24. mars 1843, húsmóðir, d. 15. júlí 1914.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1937. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1944. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 1. júlí 1944 og á Íslandi í sept. 1948. Framhaldsnám í sýkla- og meinafræði húsdýra í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi 1945–1948. Fór námsferðir til Banda-



ríkjanna 1950 og 1979, Bretlands 1965 og 1968, Svíþjóðar 1975 og Danmerkur 1977.

Starfsferill: Dýralæknastörf á Jótlandi, Danmörku 1944–1945. Sérfræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum 1948–1956 og 1979–1998. Settur forstöðumaður þeirrar stofnunar 1959–1967. Yfirdýralæknir frá 1. jan. 1956 til 31. des. 1989.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Hafnarstúdenta- og Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn 1945–1947. Varaformaður Landssambands hestamannafélaga 1959–1963. Sat í stjórn Tilraunaráðs búfjárræktar 1960–1965. Sat í dýraverndarnefnd 1958–1978. Sat í stjórn Vísindasjóðs Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1968–1993. Sat í stjórn Vísindasjóðs 1972–1975. Formaður físksjúkdómanefndar 1970–1989. Sat í lyfjanefnd 1976–1990. Sat í Flúormengunarnefnd 1969–1984. Sat í Dýraverndunarnefnd Evrópuráðsins 1968–1994. Hefur setið ýmsa fundi og ráðstefnur um búfjársjúkdóma erlendis og flutt erindi um það efni, m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi, Pýskalandi, Frakklandi og á Norðurlöndunum, bæði við háskóla, alþjóðlegar stofnanir og í vísindafélögum.

Ritstörf: Hefur ritað fjölda ritgerða, einkum um búfjársjúkdóma, í innlend og erlend tímarit.

Viðurkenningar: Kjörinn félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1965. Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu 17. júní 1974. Heiðursdoktor við KVL í Kaupmannahöfn 1974. Heiðursverðlaun úr sjóði Ásu Wright 1976. Veitt Finlands Veterinærförbunds gyllene förtjänsttecken 1980. Heiðursdoktor Norges veterinærhøgskole í Ósló 1985. Heiðursdoktor læknadeildar Háskóla Íslands 1986. Heiðursfélagi Finlands Veterinærförbund 1992. Heiðursfélagi í DÍ 1994.

Maki (22. júní 1946): **Kirsten Henriksen**, f. 22. mars 1920, dýralæknir.

For.: Ludvig Lauritz Henriksen, f. 29. nóv. 1881, verslunarstjóri í Kaupmannahöfn, d. 10. mars 1956, og k.h. Sofie Elisabeth Lowi Henriksen (f. Andersen), f. 2. febr. 1885, húsmóðir, d. 10. febr. 1972.

Börn þeirra: a) **Hlín Helga**, f. 20. okt. 1949, kennari, M.Ed. Maki: Ólafur Guðmundsson, f. 4. júlí 1944, kennari. b) **Vigdís Hallfríður**, f. 12. ágúst 1951, hjúkrunarfræðingur. Maki (óg.) (skildu): Þórarinn Ólafsson, f. 2. des. 1950, verkfræðingur.